

Fundargerð 28. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 26. ágúst 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Magnea Guðmundsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Sigrún Elefsen, Sverrir Guðmundsson og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

1. Staða framkvæmda við Reykjanesvita, Brimketil og Gunnuhver

Rætt var um stöðu framkvæmda við Reykjanesvita, Brimketil og Gunnuhver. Verðkönnun hefur farið fram vegna jarðvegsvinnu við bílplön við Reykjanesvita og Brimketil auk lagfæringa á vegi að Gunnuhver. Áætlað er að verktaki hefji framkvæmdir á næstu vikum og ljúki í október. Grindavíkurbær mun á næstu dögum bjóða út smíði og uppsetningu palla við Brimketil f.h. Reykjanes Geopark. Samþykkt að forhanna stækkun á bílplani við Gunnuhver og aðkomu að upplifunarsvæði.

2. Landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Lagðar fram tillögur sendar voru Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við vinnu við nýja landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum. Lögð er áhersla á landvörslu utan friðlýstra svæða auk uppbyggingu á Reykjanesi og nágrenni.

3. Ársreikningur 2015

Ársreikningur Reykjanes jarðvangs ses. fyrir árið 2015 lagður fram. Ársreikningurinn er samþykktur samhljóða.

4. Aðalfundur 2016

Samþykkt að boða til aðalfundar föstudaginn 16. september kl. 9:00.

5. Erlend samstarfsverkefni

Verkefnastjóri sagði frá stöðu erlendra samstarfsverkefna, þ.e. GEOfood sem lauk í júní og Drifting Apart sem stendur yfir fram á mitt ár 2018. Unnið hefur verið m.a. í námsefni, þróun gestastofa og spurningakönnunum.

5. Ástand Stapagötunnar

Lögð fram skýrsla frá Sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd um ástand Stapagötunnar sem er ógnað af ágengum lúpínum. Frestað til næsta fundar.

6. Talning gesta við Reykjanesvita og á Garðskaga

Á fundinn mættu Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir og kynntu rannsókn sem þau vinna að um þessar mundir á fjölda gesta við Reykjanesvita og á Garðskaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ